

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Flúða.

1. *Almennt.*

Verðskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Flúða.

Skattur á smásöluverð á heitu vatni samkvæmt lögum um umhverfis- og auðlindaskatta og virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætast við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.

2. *Varmaorka.*

2.1 Fast gjald er háð afköstum rennislismælis en óháð töxtum að öðru leyti.

Fast gjald á mæli	<i>kr./dag</i>
Mælastærð DN 15	48,22
Mælastærð DN 20	59,28
Mælastærð DN 25	77,49
Mælastærð DN 32	97,80
Mælastærð DN 40	116,68
Mælastærð DN 50	194,74

Fasta gjaldinu er dreift niður á tímabil reikninga.

2.2 *Rúmmetragjald.*

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða vegna lækkunar á hita vatnsins.

H 1. *Almenn heitavatnsnotkun.*

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

Sala um mæli	<i>kr./m³</i>
Rúmmetragjald skv. mælingu	86,27

H 2.

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki og landbúnað.

Atvinnufyrirtæki til framleiðslu	69,28
----------------------------------	-------

H 3.

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir

Garðyrkja	31,29
-----------	-------

H 4. *Heimæðagjöld.*

Heimæðagjöld skiptast eftir málstærð heimtaugar.

<i>Heimæðagjöld – almenn</i>	<i>kr.</i>
Málstærð DN 20 mm	219.674
Málstærð DN 25 mm	270.539
Málstærð DN 32 mm	406.274
Málstærð DN 40 mm	811.107
Málstærð DN 50 mm	1.346.905

<i>Heimæðagjöld – sumarhús</i>	<i>kr.</i>
20 mm	531.402
25 mm	950.851

Heimæðagjöld fyrir lengri heimæðar en 25 m skal reikna sérstaklega

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

Þar sem heimæðagjöld og stofngjöld reiknast sérstaklega greiðast þau þannig að við upphaf verksins 65% af kostnaðaráætlun og 35% greiðist þegar lagningu er lokið.

3. *Önnur gjöld og ákvæði.*

Gjald fyrir aukaálestur hjá notanda	2.309 kr.
Lokunargjald	4.489 kr.

Við stækkun atvinnuhúsnæðis skal semja sérstaklega um gjald vegna stækkunar á heimtaugum og aukningu á vatnsnotkun.

Þeir sem taka vatn gegnum gróðurhús til upphitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fast gjald sem hér segir:

Fyrir hvern m ³ húsnæðis á mánuði	32,24 kr.
--	-----------

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Hrunamannahrepps 2. nóvember 2017 er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1211/2016.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. janúar 2018.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.